



Um leið og ég býð þig hjartanlega velkominn / velkomna vil ég þakka þér fyrir að gera þessa stund að veruleika.

Send voru út 23 bréf til systkynabarna Maríu Kristjánsdóttur ömmu minnar, en aðeins 5 svör bárust. Þannig að þið getið verið stolt af ykkar framlagi.

Óskandi væri að þessi samverustund verði vísir að því að ættfólk okkar færi að tala meira saman bæði hér heima og nái sambandi til hins stóra hóps ættmenna okkar í Noregi.

Bestu þakkir og kveðjur til ykkar allra.

Reykjavík 26. júlí 1998.

Agnar Breiðfjörð Kristjánsson.

Hún hefur tekið á móti meira en 4000 börnum á Karmey

- Marie Jakobsen ljósmóðir er orðin 84 ára



Það eina sem er að mér er að blóðþrýstingurinn er aðeins of hár. Ég verð að taka pillur við því og leggja mig hálf tíma á dag sagði Marie Jakobsen þegar við heimsóttum hana stutta stund um daginn. Hún tók á móti okkur í dyrunum 84 ára gömul. Í byrjun er hún svolítið hikandi vegna allra spurninga okkar um langt starf hennar sem ljósmóðir á Karmey. Brátt kemst hún þó á skrið og segir okkur frá því hvernig það var í gamla daga.

Það stórkostlega við Marie Jakobsen er minni hennar. Hún hefur nákvæmlega á hreinu hvaða ár hvað gerðist og stundum daginn líka. Í stuttu máli sjaldséð manneskja. Þegar hún svo er komin í gang þarf ekki lengur að spyrja hana eða ég ætti kannski frekar að segja að engin ástæða er til að trufla frásagnargleði hennar.

Ekki vitum við hvaðan hún hefur þetta minni. Það er eins og það sé skrifað niður í huga hennar orð fyrir orð, eða eins og hún sjálf orðar það um leið og hún bendir á ennið: Krakkarnir mínir segja að ég sé með verksmiðju hérna uppi. Það get ég líka tekið undir því þarna uppi er framleiddur stöðugur straumur minninga.

Áður en við gefum Marie Jakobsen lausan tauminn er hér örstutt kynning. Hún fæddist á Íslandi og þar ólst hún upp. Hún les og talar enn íslensku, sem er móðurmál hennar. Hún lærði til ljósmóður og tók á móti fyrsta barninu á Íslandi árið 1909. Hún fluttist til Noregs 1911 þar sem hún hóf þegar í stað að starfa sem ljósmóðir. Ekki leið á löngu áður en hún settist að á Karmey. Hún hefur haldið skrá yfir öll börn, sem hún hefur tekið á móti. Á Karmey eru þau orðin yfir 4000, eða til að vera nákvæmur, á Karmey hefur hún tekið á móti 4025 börnum. Síðasta barnið, sem hún tók á móti, fæddist 1966 þegar hún var áttæð. Það er nokkuð gott!

Ef á þyrfti að halda, gætir þú tekið á móti barni í dag, 84 ára?

Já, vandræðalaust. Ég er enn hress og spræk og við góða heilsu. Ef til þess kæmi á ég enn ljósmóðurtöskuna, hana losa ég mig aldrei við segir hún og segir hvers vegna.

Ég byrjaði sem ljósmóðir í Veá árið 1911. Þá tilheyrðu einnig Ákra og Kopervik mínu héraði. Svo voru líka stundum lengri ferðalög. Lengsta ferðalagið var líklegast til Utsira. En þá fæddust mörg börn hér á Karmey og ég hafði mikið að gera, allt of mikið. Þess vegna var ráðin ný ljósmóðir í Veá árið 1922.

Við reynum að koma að eftirfarandi spurningu:

Menn segja að þú gast séð á nýfæddum börnum hvort þau myndu lifa lengi eða ekki? Er það satt?

Nei, segir hún umsvifalaust. Ég fæst ekki við slíkt. Ég trúir á vörn Herra Jesúm Krist og fel allt í hans hendur.

Ég hafði alltaf lækni með mér, besta lækni sem völ er á, sem sé Jesús. Aðeins einstaka sinnum hafði ég venjulegan lækni viðstaddan við fæðingu.

Af öllum þeim börnum, sem ég hef tekið á móti voru 16 tvíburapör. Einu sinni fæddust þrjúburar, en þá dó einn þeirra.

Marie Jakobsen býr nú hjá einni dóttur sinni á Östrem. Henni líður vel í litlu, en notalegu herbergi.

Þú hefur örugglega upplifað mikið á ferðum þínum til sængurkvennanna? Eru einhver sérstök atvik, sem þú vilt segja frá?

Ójá, þau eru mörg. Þegar ég kom til Karmeyjar var ekki einn einasti bíll hér. Ég varð að nota hest og kerru til að komast leiðar minnar. Fyrsti bíllin kom hingað árið 1913. Fritiof Söyland átti hann.

Komst þú einhvern tíma of seint þegar kona lá á sæng?

Já. Ekki svo sjaldan heyrði ég barn öskra um leið og ég kom inn um dyrnar. Þótt ég hafi komið of seint einstaka sinnum þá gekk það í flestum tilvikum vel þrátt fyrir það.

En ljósmóðirin varð ekki aðeins að komast á staðinn í skyndi. Hún varð að fara af stað í hvaða veðri sem er til að sinna starfi sínu og komst oft á leiðarenda á hinn ótrúlegasta hátt heldur Marie Jakobsen áfram og segir:

Þrisvar fór ég niður um ísinn á Vedavogi með hest og kerru. En það var alltaf nálægt landi þar sem ísinn er hvað þynnstur. Úti á voginum bar hann. Ég get í þessu sambandi sagt sögu frá Íslandi, sem enginn hefur heyrt áður. Við ætluðum þar yfir breiðan fjörð. Vegurinn var lokaður en enginn ís á firðinum. Ég hafði 18 ára stráak með og við sátum sinn hestinn hvort. Ég var í reynd "ljósmóðir á hestbaki". Til að komast yfir varð ég að sundríða yfir fjörðinn. Ég sat þannig í þrjá stundarfjórðunga. En þegar ég kom á land gat ég þó skipt um fót. Þetta var árið 1910.

Annað atvik, sem ég man vel gerðist á Karmey þegar við vorum í stríði við Þjóðverja. Ég neitaði alltaf að aka með Þjóðverjunum þótt þeir byðu mér far. Einu sinni þegar ég þurfti að fara í Vormedal varð ég að fara á puttanum. Ég fékk far með bíl með norskum bílstjóra. Þetta var flutningabíll og bílstjórinn opnaði að aftan. Þá kom í ljós að þetta var frystibíll og í honum var stór lúða, sem Þjóðverjarnir áttu að fá. Þarna varð ég að sitja og mér var orðið nokkuð kalt þegar ég komst á áfangastað

Í annað skipti varð ég að fara út í hávaðaroki. Um leið og ég fór út fauk hatturinn af mér. Þetta var nýr og finn hattur, en ég hafði ekki tíma til að elta hann. Þegar ég kom svo heim aftur lá hatturinn vel skorðaður undir tré.

Þetta er aðeins nokkuð af því, sem Marie Jakobsen hefur upplifað. Hér er ekki pláss fyrir allt, það yrði bók. Og reyndar, við spurðum Marie Jakobsen hvort hún ætlaði ekki að skrifa bók um allt það, sem hún hefur upplifað. Hún sagði að hún væri því ekki afhuga, hún hefði reyndar velt því fyrir sér.

Þeir eru ekki margir á Karmey, sem hafa aðra eins sögu að segja og frú Jakobsen. Hugsid ykkur, fjölskyldan beið um nætur eftir mömmu, sem var í útkalli. Hve mjög þau urðu að treysta henni og hve mjög þau virtu hana. Þau báðu til Guðs um að ekkert kæmi fyrir hana en þrisvar fór hún kollhnís á hestinum. Hún varð að bjóða veðri og vindum birginn en allt hefur þetta hert hana og gert hana sterka. Hún er nú við góða heilsu. Starf hennar hefur einkennst af einbeitingu og dugnaði enda varð hún oft að grípa inn í fljótt og vel. Frú Jakobsen hefur tekið á móti barni þegar móðirin var komin í brúðarkjólinn, með brúðarkórónu á höfði og skó á fótum.

Við getum ekki annað en óskað Marie Jakobsen góðs gengis og þakkað henni fyrir að hafa hjálpað svo mörgum Karmeyingum í heiminn.

KARMEYJARBLAÐIÐ

[Karmöy hét áður Körmt og það nafn kemur víða fyrir í íslenskum fornritum.]

Föstudaginn 10. desember 1971